

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og samkvæmt viðauka við samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Árborgar nr. 813/2018, sbr. breytingu á samþykktinni nr. 64/2025, sem kveða á um valdheimildir skipulagsfulltrúa til fullnaðarafgreiðslu, er eftirfarandi óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi samþykkt:

*Norðurhólar 5 – óveruleg breyting á deiliskipulagi.*

Um er að ræða óverulega breytingu á skilmálum deiliskipulags er varðar lóð Norðurhóla 5 á Selfossi, sem tekur til liðar er varðar „Starfsemi“.

*Núverandi skilmálar:* Nærþjónusta og hreinlega atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu á aðliggjandi lóðum.

*Skilmálar eftir breytingu:* Nærþjónusta og hreinlega atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu á aðliggjandi lóðum. Heimilt er til bráðabirgða að staðsetja færanlegar kennslustofur innan lóðarinnar í tengslum við rekstur leik- og eða grunnskóla.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 8. apríl 2026.*

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,  
**Vigfús Þór Hróbjartsson** skipulagsfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 22. apríl 2026